

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2024, þriðjudaginn 13. febrúar kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1146. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. Ánanaust 8 - USK24010259 Sótt er um leyfi til að færa núverandi starfsmannahús innan lóðar nr. 8 við Ánanaust. Erindi fylgir mæliblað.  
Gjald kr.15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Bankastræti 8 - USK23110016 Sótt er um leyfi til þess að sameina notkunareiningar 0101 og 0103, breyta innra skipulagi og innréttu veitingastað í flokki I, teg. d, fyrir 30 gesti í verslunar- og skrifstofuhúsi við Bankastræti 8, mhl. 03, á lóð nr. 1 við Þingholtsstræti.  
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa áritað á uppdrátt.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Bjargarstígur 16 - USK24010159 Sótt er um leyfi til að gera nýjan glugga á suðurhlíð 1. hæðar í húsi nr. 16 við Bjargarstíg.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
4. Borgartún 29 - USK24010255 Sótt er um leyfi að breyta innra fyrirkomulagi veitingarrými í flokkur II tegund (e) á lóð nr. 29 við Borgartúni.  
Erindi fylgir hæðarblað dags. 27. maí 1999 og mæliblað dags. 31. júlí 1992.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
5. Borgartún 6 - USK23120132 Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að breyta klæðningu á húsi á lóð nr. 6 við Borgartún.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags 1. febrúar 2022 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2024.  
Gjald kr. 15.400.  
Afgreitt  
Byggingarfulltrúi staðfestir móttöku tilkynningar, að mannvirkjagerð falli undir 1. mgr. gr. 2.3.6 byggingarreglugerð og að hún samræmist skipulagi.
6. Brautarholt 20B - USK23110168 Sótt er um leyfi til þess að innréttu snyrtistofu í rými 0101 við Brautarholt 20C, mhl.02 á lóð nr. 18 við Brautarholt.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar með uppfærðri erindislýsingu dags. 7. febrúar 2024.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda
7. Brautarholt 6 - USK23110194 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060766 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi og útliti er breytt á 1. hæð og á 2. hæð er m.a.

herbergjum fækkað, hurðir færðar og fyrirkomulagi eldhúsa breytt í húsi á lóð nr. 6 við Brautarholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 9. febrúar 2023.

Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

8. Básendi 9 - USK23110278 Sótt er um leyfi til að endurbyggja og stækka bílskúr við tvíbýlishús á lóð nr. 9 við Básenda.  
Stækkun: 15.5 ferm., 59,7 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
9. Bústaðavegur 9 - USK24010260 Sótt er um leyfi að flytja og afskrá byggingu á lóð nr. 9 við Bústaðaveg.  
Erindi fylgir hæðarblað dags.12. 2004 mælibleið dags. 10. janúar 1980.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa
10. Dugguvogur 53 - USK23110202 Sótt er um leyfi til að breyta samkomusal í skrifstofur / vinnurými með sameiginlegri kaffi og salernisaðstöðu í húsi nr. 53 við Dugguvog.  
Gjald kr.14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
11. Efstaland 6 - USK24010277 Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að klæða og einangra vesturgöfl fjölbýlishúss á lóð nr. 6 við Efstaland.  
Erindi fylgir samþykki húsfundar dags. 6, desember 2023.  
Gjald kr.15.400.  
Afgreitt  
Byggingarfulltrúi staðfestir móttöku tilkynningar, að mannvirkjagerð falli undir 1. mgr. gr. 2.3.6 byggingarreglugerð og að hún samræmist skipulagi.
12. Eiríksgata 19 - USK24010333 Sótt er um leyfi að breyta kjallara í íbúðir á lóð nr 19 við Eiríksgötu.. USK24010333  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
13. Gefjunarbrunnur 12 - USK24010356 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053513 vegna lokaúttektar þannig að gerð er grein fyrir kjallara þar sem innréttað hefur verið íbúðarrými, gluggar gerðir á kjallara og bílastæði með aðkomu frá Freyjubrunni á lóð nr. 12 við Gefjunarbrunn.  
Stækkun; xx ferm., xx rúmm.  
Eftir stækkun: 339,2 ferm., 1.080,6 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Synjað. Samræmist ekki deiliskipulagi eða byggingarreglugerð.
14. Geirsgata 7B - USK23110291 Óskað er eftir leyfi til að breyta veitingastað í flokki II og loka á milli hæða í hús nr. 7B við Geirsgötu. Erindinu fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
15. Grjótháls 8 - USK24010245 Sótt er um leyfi að byggja spennistöð á lóð nr. 8 við Grjóthálsi  
Stærðir:  
Fermm: 7,5 rúmm: 21,7

Erindi fylgir mæliblað 16.11.2023  
Gjald kr.15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Gufunesvegur 17 - USK24010224 Sótt er um leyfi fyrir stöðuleyfi til 12 mánaða fyrir grenndargámum fyrir íbúa Gufunesi á lóð nr.17 við Gufunesveg. Erindi fylgir samþykki lóðarhafa.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
17. Guðrúnartún 1 - USK23120147 Sótt er um leyfi til að stækka og breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 1 við Guðrúnartún.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
18. Gvendargeisli 38 - USK24010239 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðar breytingar á innveggir á lóð nr. 38 við Gvendargeisli.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
19. Haukahlíð 2 - USK23100216 Sótt er um leyfi til að byggja 3ja áfanga fjölbýlishússins Haukahlíðar 2, 72 íbúðir í þremur stigahúsum sem verða Haukahlíð 8, 10 og 12, jafnframt er sótt um leyfi til að breyta erindi BN061145 þannig að innra skipulagi íbúða, stærðum og lagnastokkum hefur verið breytt, öll stigahús eru sameinuð í einn matshluta, sem í verða 195 íbúðir og 101 bílastæði í kjallara ásamt þremur djúpgámasettum á lóð nr. 2 við Haukahlíð.  
Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Eflu dags. 27. október 2023 og yfirlit breytinga á fyrri áfanga.  
Stærð 3ja áfanga: 8.069,4 ferm., 20.275,5 rúmm.  
Stærð alls: 28.172,6 ferm., 73.841,8 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
20. Holtsgata 18 - USK23080092 Sótt er um leyfi til að koma fyrir þakglugga á hús nr. 18 við Holtsgötu. Samþykki eiganda fylgir umsókn og umsögn minjastofnunar dags. 14 ágúst. 2023.  
Gjald kr.14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilín lokaúttekt byggingarfulltrúa.
21. Hraunberg 4 - USK23050288 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breyttri staðsetningu veggja, tækja, ræstiaðstöðu, snyrtingu, innréttingum og geymslum í húsi á lóð nr. 4 við Hraunberg.  
Gjald kr.14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
22. Hverfisgata 46 - USK24010049 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23050207 þannig að skyggni yfir aðalinngangi, gluggum og hurðum er sumsstaðar breytt, byggt er yfir loftræstisamstæðu á þaki, hringstiga hliðrað til, komið er fyrir sauna og heitum potti á þaksvölum 3. hæðar og innra skipulagi breytt lítillega í gistiheimili í flokki IV tegund farfuglaheimili á lóð nr. 46 við Hverfisgötu.  
Erindi fylgir greinargerð Örugg verkfræðistofu, 3028-006-GRG-001-V05, um brunavarnir dags. 24. október 2023 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 1. ágúst 2023.  
Gjald kr. 15.400.. USK24010049  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) fyrir útgáfu byggingarleyfis.

23. Hólaland - USK23100249 Sótt er um leyfi til þess byggja, úr þremur samsettum gámaeiningum, sem byggt er yfir og klætt utan með timur- eða liggjandi áklæðningu, hús, mhl.02, með geymslu, vinnustofu og líkamsrækt fyrir íbúa búsetukjarna á lóðinni Hólaland, Kjalarnesi.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 30. nóvember 2023 og ljósmyndir af lóð.  
Stærð mhl.02:  
178.2 ferm., 478.7 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.  
  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
24. Karfavogur 34 - USK24010274 Sótt er um leyfi fyrir breytingu á skráningu mannvirkis á lóð nr. 34 við Karfavogi  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
25. Langirimi 21-23 - USK23020163 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059384 og innréttu íbúðir í staðin fyrir vinnustofur á 2. hæð húss á lóð nr. 21-23 við Langarima.  
Erindi fylgja bréf umsækjanda dags. 10. júlí 2023 og 6. nóvember 2023, og fylgiskjal um birtumagn í íbúðum.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
26. Laugalækur 6 - USK24010243 Sótt er um leyfi til að innréttu verslun í húsi nr. 6 við Laugalæk.  
Gjald kr.15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
27. Laugarnesvegur 75 - USK24010238 Sótt er um leyfi að breyta erindi BN060931 þar sem sótt um að breyta innra fyrirkomulagi 2. hæðar í einbýlishúsi á lóð nr. 75 við Laugarnesveg.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
28. Laugavegur 143 - USK24020045 Sótt er um leyfi til að breyta USK23070246 sem snýr að breyttri notkun frá íbúðum í gistiheimili í flokki 4 í húsi nr. 143 við Laugaveg.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
29. Laugavegur 176 - USK23110213 Sótt er um leyfi til að byggja ofanábyggingu og viðbyggingu til austurs, niðurgrafna bílageymslu á suðurhlið og innréttu gististað í flokki V, teg. hótél með 170 herbergjum fyrir 360 gesti, verslunarrými á austurhluta jarðhæð og garð ofaná bílgeymslu á lóð nr. 176 við Laugaveg.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Mannvit dags. 21. nóvember 2023, bréf hönnuðar dags. 9. nóvember 2023 og samkomulag milli lóðarhafa Laugavegar 176 og 178 dags. 19. júlí og 15. ágúst 2023.  
Stækkun: 7.920 ferm., xx rúmm.  
Eftir stækkun: 9.600,6 ferm., 33.893,6 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

30. Laugavegur 31 - USK24010164 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058930, með síðari breytingu BN060901 vegna lokaúttektar þannig að hætt er við breytingu á aðalinnangi, innra skipulagi er breytt, veggir færðir til, rými lögð niður, rýmisnúmer og skráningartafla uppfærð þessu til samræmis í skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 31 við Laugaveg.  
Breytt stærð: 1.462.7 ferm., 4.582.6 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð verkfræðistofunnar Öruggr um brunahönnun dags. 18. janúar 2024, bréf frá hönnuði dags. 2. mars 2021, og skýringarmyndir á aðaltekningum dagsettum 13. apríl 2022.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Lagfæra skráningu
31. Lálund 13 - USK24010357 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, stækka anddyri til vesturs, byggja yfir garð á norðurhlíð og verönd á suðurhlíð og einangra og klæða að utan einbýlishús nr. 13 á lóð nr. 9-15 við Lálund.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Eftir stækkun: 253,6 ferm., 754,8 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
32. Naustavogur 15 - USK23100331 Sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhúsnæði samsett af fjórum 12m og einum 6m gám á staðsteyptri botnplötu á lóð nr. 15 við Naustavog  
Stærðir: 232,0 ferm., 932 rúmm. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
33. Rafstöðvarvegur 14 - USK23120177 Sótt er um leyfi að breyta erindi BN061824 þannig að skýli er minnkað og efni breytt úr gleri í ál á húsi á lóð nr. 14 við Rafstöðvarveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
34. Rafstöðvarvegur 31 - USK23110290 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23070140 með því að byggja svalaskýli yfir svalir á 1. hæð við vesturgafi í húsi nr. 31 við Rafstöðvarveg. Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 20. nóvember 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2024. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2024 fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2024.

35. Seljavegur 2 - USK24020029 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056422 þannig að innra skipulagi hefur verið breytt í bað- og þvottahúsi í kjallara hótels á lóð nr. 2 við Seljaveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
36. Selásbraut 98 - USK23070145 Sótt er um leyfi til þess að byggja 3-4 hæða fjölbýlishús ásamt kjallara með 25 íbúðum og verslun- og þjónustu á jarðhæð á lóð nr. 98 við Selásbraut.  
Stærð: 3.389.1 ferm., 8860.0 rúmm.  
Nýtingarhlutfall. 1.28  
Erindi fylgir greinargerð Öruggr ehf um brunahönnun dags. 7. febrúar 2024, dags. 7. júlí 2023, mæliblað 4.385.9 dags 13. febrúar 1995 og hæðablað dags. 20. júní 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
37. Skúlagata 30 - USK23120106 Sótt er um leyfi til að endurbyggja framhúsið á Skúlagötu 30 frá 1. hæð úr einangruðum stálgrindareiningum með loftuðum álklæðningum að utanverðu, byggja tvær inndregnar hæðir ofaná og innréttu gististað í fl. II, teg. g, 34 íbúðarherbergi, verslun og þjónustu á 1. hæð og sameina við áður samþykkt bakhús með 19 íbúðarherbergjum á lóð nr. 30 við Skúlagötu.  
Erindi fylgir yfirlýsing um kvaðir dags. 25. október 2018, greinargerð hönnunarstjóra ódagsett, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 18. febrúar 2022 og lífsferilsgreining frá KPMG ódagseett.  
Stækkun: 319,6 ferm., 1.119,8 rúmm.  
Eftir stækkun: 3.397,7 ferm., 10.662,5 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
38. Smárarími 62 - USK24010241 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að stækkun bílskúrs við hús á lóð nr. 62 við Smáraríma.  
Stækkun: 24,3 ferm. og 68,6 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
39. Stórholt 33 - USK23010333 Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta bílgeymslu, matshluta nr. 02, einangruð að innanverðu með léttbyggðu einhalla þaki, við hús á lóð nr. 33 við Stórholt.  
Stærð: 47,0 ferm., 157,0 rúmm.  
Erindi fylgir afrit eyðublaðs umsóknar um byggingarleyfi og gátlisti aðaluppdráttu, hæðarblað og bréf með afriti fundarbókunar skipulagsfulltrúa nr.38.22 ásamt samþykki eigenda dags. 28. mars 2023.  
Erindi var grenndarkynnt frá 29. ágúst til og með 26. september 2023.  
Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Stefáns Gissurarsonar, dags. 15. september 2023, þar sem ekki er gerð athugasemd við tillöguna.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
40. Sundlaugavegur 24 - BN061113 Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, gera sér íbúð í risi, hækka þak, gera glugga og kvisti á austur- og vesturþekju íbúðarhúss á lóð nr. 24 við Sundlaugaveg.  
Stækkun 54.5 ferm., 87.8 rúmm.  
Erindi fylgir afrit af samþykki meðlóðarhafa dags. 31. maí 2022, ritað á A4 afrit af

teikningu Basalts arkitekta nr. 1\_01\_01\_01, dags. 25. maí 2022, skýringarteikning Basalt arkitekta nr. 1\_01\_01\_03 dags. 22. maí 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaltekningum samþykktum 11. janúar 2022.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2022.

Gjald kr. 12.600.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Suðurlandsbraut 76 - USK24010163 Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða bænahús úr forsteyptum einingum á lóð nr. 76 við Suðurlandsbraut.  
Stærð: 677,6 ferm., 3.620,2 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
42. Sólheimar 27 - USK23120103 Sótt er um leyfi til að byggja sorpgeymslu og gera skábraut við hús nr. 27 við Sólheima. Erindi fylgir fundargerð dags. 13.11.2023  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
43. Sóltún 2 - USK24010237 Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingar við C og D álmur, byggja hæð ofaná allt húsið, byggja yfirbyggð hjólastæði við aðalinngang ásamt því að breyta innra skipulagi í sömu álmum og fjölga með því hjúkrunarrýmum um 67, þannig að heildarfjöldi rýma verður 159 í hjúkrunarheimilinu Sóltúni á lóð nr. 2 við Sóltún. Erindi fylgir brunahönnun frá Mannvit dags. 22. janúar 2024, minnisblað um flóttaleiðir frá Mannvit dags. 22. janúar 2024, hljóðvistargreinargerð frá Mannvit dags. 16. janúar 2024, umsögn Vinnueftirlitsins dags. 19. janúar 2024 og yfirlit breytinga. Einnig fylgir bréf umsækjanda varðandi breytingar dags. 6. febrúar 2024.  
Stækkun: 3.851,7 ferm., 33.901,6 rúmm.  
Eftir stækkun, A+B rými: 10.357,5 ferm., 32.120,2 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
44. Vegmúli 2 - USK23120179 Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi á 2. hæð í húsi á lóð nr. 2 við Vegmúla. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
45. Þjóðhildarstígur 2-6 - USK24010335 Sótt er um leyfi fyrir tilkynnta framkvæmd þ.a.l. að sækja um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi í bygging á lóð nr 2-6 við Þjóðhildarstíg. Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

### Ýmis mál.

46. Hólmgarður 24 - fsp um byggingu svala - USK23110118 Spurt er hvort er leyfilegt að byggja svalir út fyrir núverandi þakflöt. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2024 fylgir erindi.  
Neikvætt. Samanber umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2024.

**Fundi slitið kl. 12:05**

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Margrét Pálína Cassaro  
Sigurður Stefán Karlsson